

## Fundargerð

Fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.






Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Ákveðið var að fresta fundargerð til næsta fundar.

### 2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN

|   |  |
|---|--|
|    | 369 fundargerð 28 01 2021.docx         |
|    | Fjárhagsáætlun - Samtals öll SVF .pdf  |
|    | Fjárhagsáætlun 2021 .xlsx              |
|   | Múlaþing fjárhagsáætlun 2021-2024.pdf  |
|  | Yfirlit um mál í vinnslu feb 2021.xlsx |

### 3. Staðan hjá Múlaþing

Til fundar við nefndina komu fulltrúar Múlaþings; Björn Ingimarsson sveitarstjóri og Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri. Gauti Jóhannesson forseti sveitarstjórnar boðaði forföll. Tílefni fundarins var að fara yfir fjárhagsáætlun 2021-2024 hjá Múlaþingi og almennt um fjárhagsstöðuna hjá sveitarfélaginu.

Fram kom í máli Björns og Guðlaugs að mikil vinna hafi farið fram við undirbúning fjárhagsáætlunarinnar þar sem það þurfti að sameina ársreikninga og útkomuspá fyrir öll sveitarfélögin fjögur sem voru að sameinast. Jafnframt þurfti að samræma ýmis atriði sem tengist reikningsskilum milli sveitarfélaga. Nefndin hrósaði fulltrúum Múlaþings fyrir góða vinnu og að vera komin með greinargóða fjárhagsáætlun þrátt fyrir að stutt er liðið frá því að sameiningin tók gildi.

Farið var yfir hvernig fjárhagsáætlunin var unnin en hver sveitarstjórn gerði áætlun eins og fyrir sameiningu sem síðan var sett saman í eina áætlun. Stór fjárfestingarverkefni liggja fyrir sem eru aðallega í tengslum við hafnir og veituframkvæmdir. Einnig eru mörg minni verkefni fyrirhuguð.

Útkomuspáin fyrir árið 2020 mun koma betur út en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætluninni sem skýrist aðallega af hærri framlögum úr Jöfnunarsjóði. Gert er ráð fyrir að afkoma samstæðunnar fyrir árið 2020 verði jákvæð. Hins vegar verður afkoman neikvæð á þessu ári. Fyrirséð er að það verður mikill kostnaður vegna hamfaranna á Seyðisfirði sem ekki er búið að taka tillit til í fjárhagsáætlun en væntingar eru um að sá kostnaður verði að miklu leyti mætt af ríkissjóði. Uppfærð fjárhagsáætlun er væntanleg þegar ársreikningur 2020 liggur fyrir.

Ákveðið var að senda bréf til Múlapings til að fylgja eftir fundinum. Ekki verður óskað eftir frekari skýringum en nefndin myndi vilja fá senda uppfærða fjárhagsáætlun þegar hún liggur fyrir.

**4. Fjárhagsáætlun 2021**

Lagt var fram yfirlit yfir fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2021. Ákveðið var að skoða nánar þau sveitarfélög sem eru með neikvæða rekstrarniðurstöðu, neikvæða framlegð og neikvætt veltufé frá rekstri. Jafnframt að skoða nánar þau sveitarfélög sem eru með miklar fjárfestingar í hlutfalli við tekjur.

Ákveðið var að skoða betur þau sveitarfélög sem falla undir þessi viðmið á næsta fundi nefndarinnar.

**5. Verkefnaskjal**

Frestað til næsta fundar að yfirfara verkefnaskjal.

**6. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 12:00